



Alþingi  
Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 143/1779**  
**komudagur 6.5.2014**

Kópavogi, 6. maí 2014  
1404403/001.01 PM

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um ríkisendurskoðanda og ríkisendurskoðun

Í umsögninni verða ekki gerðar athugasemdir við frumvarpið eins og það liggur fyrir heldur komið á framfæri sjónarmiðum hvað varðar stöðu sveitarfélaga þegar kemur að eftirliti með meðferð opinberra fjármuna.

Alþingi hefur ákveðið með lagasetningu að fela tveimur sjálfstæðum embættum að fara með eftirlit með framkvæmdavaldinu. Annars vegar hefur umboðsmanni Alþingis verið falið að fara með eftirlit með stjórnslu ríkis og sveitarfélaga skv. lögum nr. 85/1997. Starfssvið embættisins tekur því jafnt til ríkis og sveitarfélaga, þ.e. þessara tveggja megin stoða framkvæmdavaldsins í landinu. Hins vegar hefur ríkisendurskoðanda verið falið að hafa eftirlit með fjárreiðum ríkisins eða eins og fram kemur í gildandi lögum nr. 86/1997 og í því frumvarpi sem nú er meðferðar. Alþingi hefur ákveðið að eftirlitshlutverk ríkisendurskoðunar nái ekki til starfsemi sveitarfélaga í landinu og í fyrirbyggjandi frumvarpi er aðkoma embættisins aðeins þegar um er að ræða sameiginleg verkefni ríkis og sveitarfélaga (10. gr.).

Sveitarfélögin í landinu fara með framkvæmdavald ásamt ríkinu samkvæmt stjórnarskrá og ákvarðar Alþingi nánar hvaða verkefnum þau sinna og hvaða tekjur fylgja til að framkvæma þau verkefni.

Tekjur sveitarfélaga nema um 30% af tekjum hins opinbera. Á árinu 2014 eru heildartekjur sveitarfélaga áætlaðar 255 milljarðar króna og þar af nema skatttekjur um 188 milljörðum króna. Engu að síður hefur fjárveitingarvaldið ákveðið að gera langtum minni kröfur til eftirlits með ráðstöfun fjármuna sveitarfélaga en hvað varðar framkvæmdavald ríkisins.

Ákvæði í sveitarstjórnarlögum um fjármál sveitarfélaga og eftirlit ráðherra lítur fyrst og fremst að fjárhagslegri stöðu sveitarfélaga og áætlunum þeirra til að bregðast við sé farið út fyrir sett viðmið. Í sveitarstjórnarlögum er ekkert kveðið á um stjórnsluendurskoðun, líkt og gert er í frumvarpi til laga um ríkisendurskoðanda og ríkisendurskoðun. Í 6. gr. frumvarpsins kemur fram það hlutverk ríkisendurskoðunar að veita ríkisstofnunum aðhald með stjórnsluendurskoðun. Þar sé m.a. horft til meðferðar og nýtingar fjár, hagkvæmni og skilvirkni í rekstri og hvort framlög skili þeim árangri sem að er stefnt. Engar kröfur eru gerðar til sveitarfélaga um að mat sem þetta fari fram í rekstri af hálfu löggjafans, sem ákvarðar fjármögnun sveitarfélaga að stærstum hluta með ákvörðun um skattheimtu.



Á undanförunum árum hefur það fæst í vöxt að fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög hafi sett upp innri endurskoðun í starfsemi sinni. Þegar innri endurskoðun ruddi sér til rúms var litið svo á að megin viðfangsefni hennar fælist í eftirliti með reglum og fyrirmælum á sviði fjárhags og bókhalds. Í dag er jafnframt lögð áhersla á að innri endurskoðun sé hluti af því að tryggja sem mestan árangur í starfsemi viðkomandi aðila (Ríkisendurskoðun, 1999). „Innri endurskoðun leggur mat á og bætir virkni áhættustýringar, eftirlitsaðferða og stjórnarháttanna með kerfisbundnum og öguðum vinnubrögðum og styður þannig viðkomandi fyrirtæki eða stofnun í því að ná markmiðum sínum.“ (KPMG, 2007)

Hjá Reykjavíkurborg er innri endurskoðun sem fer með fjármála- og stjórnsýslueftirlit hjá borginni í umboði borgarráðs. Hún starfar skv. reglum borgarráðs og getur ráðið einnig falið innri endurskoðun úttekt á einstökum stofnunum og þáttum í rekstri borgarinnar. Önnur sveitarfélög á Íslandi hafa ekki sett á laggirnar innri endurskoðun en þó er gert ráð fyrir slíkri starfsemi í skipuriti Kópavogsbæjar.

Telji löggjafinn rétt að gera kröfur um eftirlit sé haft með ráðstöfun þeirra fjármuna sem hann veitir til starfsemi sveitarfélaga væri hægt að gera það með ýmsum hætti. Hugsanlega mætti fela ríkisendurskoðun það hlutverk í lögum um embættið. Einnig mætti setja slík ákvæði í sveitarstjórnarlög og fela þá annað hvort landshlutasamtökum slíkt hlutverk eða Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Óbreytt ástand sýnir hins vegar áfram vilja löggjafans til að gera minni kröfur til meðferðar opinbers fjár hjá þeim hluta framkvæmdavaldsins sem sveitarfélögum er falið en gert er gagnvart stofnunum ríkisins.

Virðingarfyllt,

Páll Magnússon  
bæjarritari